

Fréttabréf Útlífsmiðstöðvar skáta Úlfljótsvatni



Fyrsti hópur ársins í skólabúðir

Vorönn Skólabúðanna á Úlfljótsvatni hófst í vikunni. Áslandsskóli reið á vaðið með tæplega 50 nemendum í þriggja daga dvöl. Enn eru örfá pláss laus í vor, auk þess sem búið er að opna fyrir skráningu fyrir hópa á haustönn.



Nemendur í skógargöngu

Breytingar á skólabúðum

Síðastliðið haust var ráðist í talsverðar breytingar á dagskrá Skólabúðanna á Úlfljótsvatni. Var það gert með hliðsjón af endurgjöf kennara og nemenda sem komu í skólabúðirnar veturinn áður. Viðamesta breytingin felst í því að nú sér starfsfólk Úlfljótsvatns um alla dagskrá frá morgunmat og fram að kvöldkaffi. Minniháttar breytingar hafa líka orðið á einstökum dagskrárliðum. Til dæmis hefur fjallgangan vikið fyrir fræðandi skógargöngu, sem hefur mælst mjög vel fyrir hjá hópum í vetur. Útivera og

ævintýri auka orkuþörf og nýr matræður hóf störf í febrúar til að tryggja að nemendur og kennarar fái góðan og orkuríkan mat. Loks hefur íslensku starfsfólki verið fjölgað í skólabúðunum. Starfsfólk skólabúða í vetur er: Sjöfn Ingvarsdóttir dagskrárstjóri, Daði Már Gunnarsson og Vigdís Jóna Árnadóttir. Um eldhúsið sér matreiðslumaðurinn Ari Björn Össurason. Auk þeirra taka átta erlendir skátaforingjar þátt í að keyra skólabúðirnar og annað starf, enda er Úlfljótsvatn alþjóðleg skátamiðstöð.



Nemendur í hópeflisleikjum



Poppað yfir opnum eldi



Hressir krakkar í sumarþúðum

Opið fyrir skráningu í Sumarþúðir skáta

Opnað hefur verið fyrir skráningu í Sumarþúðir skáta og útivistarnámskeið á Úlfljótsvatni í sumar. Í sumar aukum við framboð og bjóðum ævintýralega dvöl í níu vikum! Til viðbótar við hinar sívinsælu sumarþúðir er nú einnig boðið upp á tvö útivistarnámskeið fyrir 12-14 ára þar sem þátttakendur gista í tjöldum og mikil áhersla verður lögð á útivist og tjaldbúðarlíf.



Ari eldar í Undralandinu

Ari Björn Össurarson hóf störf á Úlfjótssvatni í febrúar. Ari er menntaður matreiðslumaður og hefur áður unnið á veitingastöðum á borð við Fiskmarkaðinn, Varmá, Tryggvaskála, Skyrgerðina og Hótel Selfoss, auk þess að vera reyndur skátaforingi úr Fossbúum. Ari mun hafa yfirumsjón með eldhúsi og þrifum og tilheyrir stjórnunarteymi Útilífsmiðstöðvarinnar. Við bjóðum Ara velkominn til starfa og hlökkum til að borða matinn hans!



Ari Björn

Andreea á sínu fjórða tímabili

Rúmenski skátaforinginn Andreea Mirtu kom aftur til starfa á Úlfjótssvatni í febrúar, eftir langt jólafrí.



Andreea Mirtu

Þetta er fjórða sjálfboðaliðatímabil Andreeu, en í þetta sinn ætlar hún að vera bæði vor- og sumartímabilið og mun því hafa lokið fimm tímabilum í haust! Andreea er í doktorsnámi í bókmenntum frá rúmenskum háskóla, en hefur líka mikinn áhuga á barnastarfi, útinámi og hópefli og hefur verið ómetanlegur stuðningur við starf í skóla- og sumarbúðum í hlutverki sínu sem umsjónaraðili dagskrár (program coordinator). Við bjóðum Andreeu velkomna aftur og erum strax byrjuð að leita leiða til að skrá hana á sjötta tímabilið.

Þjálfunarviku lokið

Um helgina lauk þjálfunarviku fyrir vortímabilið á Úlfjótssvatni. Þjálfunarvikur eru þrisvar til fjórum sinnum á ári á Úlfjótssvatni og allt nýtt starfsfólk og sjálfboðaliðar undirgangast sömu þjálfun áður en hafist er starfa. Meðal þess sem farið er yfir er saga og umhverfi Úlfjótssvatns, leikir, gönguleiðir, barnavernd, skyndihjálp, matreiðsla, þrif, hollustuhættir, útiildun, bogfimi, klifur, hópeflisleikir, áhættugreiningar, hegðun og samskipti barna og unglunga og fleira. Fyrir hvert starfstímabil koma nýir erlendis sjálfboðaliðar til starfa, en eitt hlutverk alþjóðlegra skátamiðstöðva er að gefa ungu fólki frá öðrum löndum

tækifæri til að öðlast reynslu og færni sem tengist starfi viðkomandi miðstöðvar, auk þess að kynnast landi og þjóð. Sjálfboðaliðarnir þetta vor eru: Aly frá Ástralíu, Bo frá Hollandi, Furni frá Rúmeníu, Gustav frá Danmörku, Hanna frá Svíþjóð, Lana frá Slóveníu og Lenka frá Þýskalandi.



Starfsfólk og sjálfboðaliðar ÚSÚ



Stuttar fréttir

Útlífsmiðstöð skáta fékk nýlega afhenda utanvegakerru fyrir hreyfihamlaða. Kerran mun auðvelda aðgengi þeirra sem eiga ekki gott með gang að langflestri útivistardagskrá á Úlfliótsvatni. Það var Öryrkjabandalag Íslands sem styrkti kaupin, en kerran var keypt hjá [Mobility.is](https://www.mobility.is) [Smelltu hér til að lesa fréttina í heild.](#)



Elín Esther móttækur kerruna hjá [Mobility.is](https://www.mobility.is)



Sjöfn með fyrirlestur í Háskóla Íslands

Sjöfn Ingvarsdóttir, dagskrárstjóri Úlfliótsvatns, hélt fyrr í vetur fyrirlestur í Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn fjallaði um skólabúðir og sumarþúðir á Úlfliótsvatni, og hvernig starfið er byggt upp. Áheyrendur voru namar í áfanganum Útivist og útinám í lífi og starfi.

[Smelltu hér til að lesa fréttina í heild.](#)

Opnað hefur verið fyrir umsóknir fyrir sumarstarfsfólk í Útlífsmiðstöð skáta Úlfliótsvatni. Umsóknarfrestur er til 20. mars nk. en leitað er að starfsfólki til að starfa í Sumarþúðum, útivistarnámskeiðum og öðru daglegu starfi yfir sumartímabilið. Sumarvinna á

Úlfliótsvatni hefur í gegnum tíðina verið ómetanlegur skóli fyrir öfluga skátaforingja sem hafa eftir það sannarlega verið burðarásar í Skátahreyfingunni.

[Smelltu hér til að skoða starfsauglýsingar.](#)

